

# Skólaráð Lækjarskóla

Fyrsti fundur, haldinn 8. október 2009.

Kynningarfundur.

1. Inngangur.

2. Kynning ritara og fulltrúa.

Haraldur Haraldsson, skólastjóri stýrir starfi skólaráðs.

Sólrun Helgadóttir, skrifstofustjóri verður ritari skólaráðs.

Fulltrúar kennara: Hrönn Arnardóttir og Þórarinn Þórarinsson.

Fulltrúar foreldra: Elma Karen Sigþórsdóttir og Nanna Péturstóttir formaður foreldrafélags.

Fulltrúi starfsmanna: Oddný Jóhannesdóttir, ráðgjafafroskaþjálfari.

Halla Þórðardóttir, aðstoðarskólastjóri mun koma inn eftir því sem þurfa þykir og einnig mun hún vera varamaður Haraldar.

Guðrún S Guðmundsdóttir og Heiðrún Jóhannsdóttir eru varamenn kennara.

Helga Ágústsdóttir er varamaður starfsmanna.

3. Fulltrúi grenndarsamfélags.

Fulltrúa grenndarsamfélagsins á eftir að kjósa. Nokkrir einstaklingar hafa verið tilnefndir og tveir hafa þegar gefið kost á sér til setu í skólaráðs. Þeir eru: Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fyrrverandi formaður fræðsluráðs og foreldri í Lækjarskóla; Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, fyrrverandi fulltrúi í foreldraráði og foreldri í Lækjarskóla, en þær hafa báðar gefið kost á sér. Geir Bjarnason, forvaranarfulltrúi og foreldri í skólanum og Ellert Magnússon, sviðstjóri ÍTH hafa verið tilnefndir.

Kl. 8:30 mæta fulltrúar nemenda á fundinn, þeir eru: Katrín Ósk Ásgeirsdóttir 10 GB og Pála Ögn Stefánsdóttir 10. MP og þær eru báðar í nemendaráði. Þóra Björg Abigail Garðarsdóttir 10. ÓÁT og Birna Stefánsdóttir 10. MP til vara og síðan skipta þær um störf um áramótin.

4. Reglugerð skólaráðs.

Haraldur fór yfir reglugerð um skólaráð við grunnskóla.

5. Starfsáætlun og skóladagatal

Haraldur kynnti sjálfsmatsskýrslu Lækjarskóla 2009 sem er á heimasíðu skólans og þar er einnig skóladagatal skólans sem skólaráð er beðið um að kynna sér. Rætt verður um starfsáætlun á næsta fundi.

6. Önnur mál.

Á heimasíðu Lækjarskóla er viðbragðsáætlun við influensu sem ráðið er beðið um að kynna sér.

Fulltrúum foreldra voru sérstaklega bent á að kynna sér lið 8 í viðbragðsáætluninni.

Viðbragðsáætlun Lækjarskólans verður kynnt á næsta fundi og æfing verður fljótlega.

Hrönn Arnardóttir og fulltrúar nemenda víkja af fundi kl. 8:50.

Eftirtalin atriði komu fram í framhaldi fundarins:

Skólaráð er umsagnaraðili sjálfsmatsskýrslu og starfsáætlunar.

Ekkert verður gert til nýframkvæmda vegna húnæðis, aðaláhersla verður að halda mannauði fyrst og fremst.

Hafnarfjarðarbær hefur tekið yfir rekstur húsnaðis Lækjarskóla

Fram kemur hjá skólastjóra að aðhalds þarf að gæta við rekstur skólans.

Fundi slitið kl. 9:10.